



## Fundargerð

346. fundur hreppsnefndar Reykólahrepps  
Þriðjudaginn 11. desember 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomio, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka til afgreiðslu fundargerð fjallskilaneftndar og eitt mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 345. fundur hreppsnefndar 15. nóvember 2012.

*Farið yfir fundargerð. Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd 10. desember 2012.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

- a. 1212004 - Gjaldskrá fyrir byggingaleyfis-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Reykólahreppi.

*Hreppsnefnd samþykkir gjaldskrána, samþykkt samhljóða.*

- b. 1212005 – Þórisstaðir jörð 139699, stofnun fasteigna.

*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

- c. 1209009 – Búfjársamþykkt fyrir Reykólahrepp.

*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

- d. 1207007 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs- og farmleifa.

*Hreppsnefnd samþykkir áætlunina samhljóða.*

- e. 1212007 – Skráning á skipulagi og framkvæmdaleyfi í námukerfi Vegagerðarinnar.

*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

- f. 1106002 – Deiliskipulag Þórisstaða.

*Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

### 3. Velferðarnefnd 4. desember 2012.

*Farið yfir fundargerðina.*

- a. *Reglur um fjárhagsaðstoð.*

*Hreppsnefnd samþykkir reglur um fjárhagsaðstoð samhljóða.*

- b. *Löja.*

*Hreppsnefnd samþykkir að taka þátt í rekstri löju árið 2013 sem tilraunarverkefni. Hreppsnefnd bendir á að vegna fjarlægðar á milli Reykhóla og Hólmavíkur væri vert að athuga hvort ekki sé hægt að hafa löju reglulega á Reykhólum.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

### 4. Fjallskilanefnd 10. desember 2012.

- a. *Fjallskilasjóður.*

*Hreppsnefnd samþykkir stofnun fjallskilasjóðs, en frestar ákvörðun um tekjur sjóðsins og verkefni á meðan frekari upplýsinga er aflað. Samþykkt samhljóða.*

## **Mál til afgreiðslu**

### 1. 1211004 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2013 og fjögurra ára áætlun.

Síðari umræða.

Á fundi hreppsnefndar þann 15. nóvember 2012 var tekin til fyrri umræðu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2013 – 2016 og nú til seinni umræðu.

Skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga samþykkir hreppsnefnd Reykhólahrepps framlagða fjárhagsáætlun fyrir árin 2013- 2016 samhljóða.

Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu sveitarfélagsins næstu fjögur árin af samanteknum A og B hluta.

Nokkar lykiltölur úr fjögurra ára fjárhagsáætlun.

	2013	2014	2015	2016
Tekjur A og B	338 millj.	339 millj.	343 millj.	342 millj.
Gjöld A og B	312 millj.	311 millj.	308 millj.	309 millj.
Rekstrarafk. A og B hluti	15 millj.	18 millj.	24,5 millj.	24 millj.
Handb. fé	49 millj.	58 millj.	85 millj.	113 millj.
Eigið fé	317 millj.	335 millj.	359 millj.	383 millj.

### 2. 1212020 - Álagning útsvars og gjalda í Reykhólahreppi árið 2013.

Sveitarstjóri leggur til óbreytta álagningu fasteignagjalda fyrir árið 2013 og óbreytta lóðarleigu af nýjum lóðum, gjalddagar fasteignagjalda verði einnig óbreyttir. Tillagan samþykkt samhljóða.

**Útsvar:**

Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2013 er 14,48%.

Auk útsvars 13,28% eru 1,20% vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

**Fasteignaskattur:**

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Holræsagjald 0,20%

Vatnsgjald 0,50%

Lóðarleiga 4% (af nýjum lóðum).

**Gjalddagar fasteignagjalda eru fjórir:**

10. mars 2013

10. apríl 2013

10. maí 2013

10. júní 2013

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Sé álagningin 10.000 kr. eða minni er einn gjalddagi, 10. mars 2013.

Sé álagningin 10.001 til 20.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. mars og 10. apríl 2013.

Annars eru gjalddagarnir fjórir.

Hreppsnefnd samþykkir að sorpgjöld hækki um 5% á árinu 2013.

Sveitarstjóri leggur til að samþykkt verði að gjaldskrár sveitarfélagsins sem ekki eru þegar tryggðar með vísitölu, hækki eða lækki árlega 1. janúar, með tilliti til breytingar á vísitölu neysluverðs, nú fyrst 1. janúar 2013, miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2012 til 1. janúar 2013. Samþykktin gildi þar til annað verði ákveðið. Tillagan samþykkt samhljóða.

**3. 1212010 – Ráðningarbréf um endurskoðun fyrir Reykhólahrepp.**

Ráðningarbréf frá Endurskoðunarstofunni Áliti ehf. dagsett 14. nóvember 2012.

Hreppsnefnd samþykkir ráðningarbréfið samhljóða, sveitarstjóra falið að undirrita það fyrir hönd stjórnar.

**4. 1108013 – Árgjald vegna umhverfissvottunar og skipun í framkvæmdaráð.**

Erindi frá framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 26. nóvember 2012.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða hlut Reykhólahrepps, árgjald vegna umhverfissvottunar Vestfjarða kr. 19.500.

Hreppsnefnd skipar Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur í framkvæmdaráð. Samþykkt samhljóða.

**5. 1001002 – Beiðni um tilnefningu í samráðshóp um Sóknaráætlun Vestfjarða (sóknaráætlun landshluta).**

Erindi frá framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga dagsett 5. desember 2012.

Hreppsnefnd tilnefnir Svein Ragnarsson í samráðshóp um Sóknaráætlun Vestfjarða, samþykkt samhljóða.

**6. 1212011 – Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**

Beiðni um stundun náms við Reykhólaskóla tímabilið 20.11.-.20.12. 2012 og samþykkt skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar dagsett 26. nóvember 2012.

*Hreppsnefnd samþykkir erindið samhljóða.*

**7. 1211016 - Styrkbeiðnir vegna ársins 2013.**

- a. Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið.**  
Erindi frá Landgræðslu ríkisins dagsett 19. nóvember 2012.

*Hreppsnefnd hafnar erindinu. Samþykkt samhljóða.*

**8. 1212012 – Frumvarp til laga um húsaleigubætur (réttur námsmanna), 49. mál.**  
Erindi frá Velferðarnefnd Alþingis dagsett 26. nóvember 2012.

Lagt fram.

**9. 1212013 – Frumvarp til laga um sjúkratryggingar ( samningar sjúkratryggingastofnunar), 303. mál.**  
Erindi frá Velferðarnefnd Alþingis dagsett 19. nóvember 2012.

Lagt fram.

**Til kynningar**

**10. 1212014 – Auglýsing um fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga.**  
Birt af Innanríkisráðuneytinu í Stjórnartíðindum 1. nóvember 2012.

*Kynnt.*

**11. 1212015 – IPA umsókn Stykkishólms.**  
Umsókn lögð fram á fundi.

*Kynnt.*

**12. 1212016 – Kynning á tilmælum til sveitarfélaga.**  
Erindi frá Samkeppniseftirlitinu dagsett 29. nóvember 2012.

*Kynnt.*

**13. 1210007– Umsögn um drög að landsskipulagsstefnu (drög).**  
Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 12. nóvember 2012.

*Kynnt.*

**14. 1212017 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 26. nóvember 2012.**

*Fundargerð lögð fram.*

**15. 1212018 – Fundargerð stjórnarfundar Byggðasamlags Vestfjarða 26. nóvember 2012.**

*Fundargerð lögð fram.*

**16. 1212019 - Fundargerð 801. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerð lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**17. 1212023 - Flugeldasýning fyrir íbúa Reykhólahrepps, styrkbeiðni.**

*Erindi frá Braga Jónssyni skotstjóra Björgunarsveitarinnar Heimamanna Reykhólahreppi dagsett 9. desember 2012.*

*Gústaf Jökull Ólafsson vísar af fundinum. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja Heimamenn um 100.000 kr. Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:53.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____